

2011 nr. 128 27. september

Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Tóku gildi 1. nóvember 2011. EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 2007/16/EB. Breytt með l. 21/2012 (tóku gildi 16. mars 2012).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ 1. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi gilda um starfsemi og rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

□ Starfsheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

□ Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður*: Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda þeirra. Sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. *Fjárfestingarsjóður*: Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. *Fagfjárfestasjóður*: Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða.

4. *Rekstrarfélag*: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekur sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. II.–IV. kafla laga þessara.

5. *Vörslufyrirtæki*: Fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.

6. *Fjármálagerningur*: Fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

7. *Peningamarkaðsgerningar*: Þeir flokkar auðseljanlegra gerninga sem víðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innláns skírteini og víðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi þeirra má ekki vera umfram 397 daga.

8. *Hlutdeildarskírteini*: Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefna hlutdeildarskírteina.

9. *Fagfjárfestir*: Fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

10. *Almenningur*: Þeir sem ekki teljast til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

11. *Reiðufé*: Laust fé sem sjóður getur notað fyrirvaralaust til fjárfestinga. Það telst ekki til innlána og er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.

12. *Innlán*: Fjárfesting þar sem sérstaklega hefur verið samið um binditíma og vexti. Innlán eru hluti af fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs.

13. *Markaðssetning*: Tilboð eða hvatning, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

14. *Staðfesting*: Með staðfestingu verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð.

■ 3. gr. Heimildir til að hefja starfsemi. Skrá yfir sjóði.

□ Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu til reksturs skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu skv. III. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

□ Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Skrá yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skal birt opinberlega. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

II. kafli. Verðbréfasjóðir.

A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

■ 4. gr. Veitandi staðfestingar.

□ Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Verðbréfasjóðir fá því aðeins staðfestingu að rekstrarfélag og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

□ Verðbréfasjóðum er heimilt að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

□ Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

■ 5. gr. Umsókn um staðfestingu.

□ Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 11. gr., útbodslýsing og útdráttur úr útbodslýsingu skv. 51. gr., upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein.

■ 6. gr. Veiting staðfestingar.

□ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það án tafar, og eigi síðar en einum mánuði eftir að umsókn barst, þegar umsókn telst fullnægjandi.

□ Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega.

■ 7. gr. Synjun um staðfestingu.

□ Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

□ Synjun umsóknar skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

■ 8. gr. Afturköllun staðfestingar.

□ Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða samþykktum,

2. uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu að mati Fjármálaeftirlitsins,

3. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að staðfesting var veitt, ótvírætt afsalað staðfestingu eða hafi starfsemi sjóðs verið hætt í meira en sex mánuði samfelld,

4. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr.,

5. fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir stærðarmörk 4. tölul.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

■ **9. gr. Tilkynning um afturköllun.**

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Markaðssetji rekstrarfélags verðbréfasjóð í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögberum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

■ **10. gr. Heiti.**

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

■ **11. gr. Reglur.**

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjú mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

■ **12. gr. Deildaskipting.**

Heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan

rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs eða deildar til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

■ **13. gr. Sjóðsmyndun.**

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan vébanda þess. Sjóðurinn myndast með afhendingu fjármuna viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstandur síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara fjármuna til sameiginlegrar fjárfestingar.

■ **14. gr. Hæfi.**

Framkvæmdastjóri rekstrarfélags og sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálaafyrirtæki.

Um hæfi stjórnenda og sjóðstjóra verðbréfasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálaafyrirtæki.

Fjármálaafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjórum og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

■ **15. gr. Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.**

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leidarljósi.

Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis.

■ **16. gr. Málshöfðumarréttur.**

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.

■ **17. gr. Rekstur verðbréfasjóða.**

Rekstur verðbréfasjóða felst m.a. í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu:
 - a. Bókhalds- og lögfræðipjónustu.
 - b. Þjónustu við viðskiptavini.
 - c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
 - d. Innra eftirliti.
 - e. Að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
 - f. Útreikningi innlausnarvirðis.
 - g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
 - h. Uppgjöri viðskipta.
 - i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Áhættustýringu.
4. Markaðssetningu.

■ **18. gr.** *Útvistun verkefna rekstrarfélags.*

□ Rekstrarfélagi er aðeins heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr. Meiri hluti verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skal unninn innan rekstrarfélags. Rekstrarfélag skal tryggja að þjónustuaðili hafi hæfni, getu og öll leyfi, sem krafist er samkvæmt lögum, til að inna af hendi útvistun verkefni af áreiðanleika og fagmennsku. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

□ Ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina helst óbreytt þó að það feli öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um útvistun verkefna rekstrarfélaga.

■ **19. gr.** *Góðir viðskiptahættir og venjur.*

□ Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

■ **20. gr.** *Starfsemi vörslufyrirtækis.*

□ Umsjá og varðveisla eigna verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,

2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,

3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,

4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,

5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

■ **21. gr.** *Viðurkenndir aðilar.*

□ Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

□ Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

■ **22. gr.** *Ábyrgð.*

□ Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

□ Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálaþyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslufyrirtæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

■ **23. gr.** *Útgáfa hlutdeildarskírteina.*

□ Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

□ Allir sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

□ Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því enda geti þeir hvenær sem er aflað sér staðfestingar á hlutdeild sinni með öðrum hætti.

□ Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafrén í verðbréfamíðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

□ Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfavíðskipti.

□ Hlutdeildarskírteini eru undanþegin greiðslu stimpilgjalda.

■ **24. gr.** *Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.*

□ Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.

2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.

3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.

4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

□ Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

■ **25. gr.** *Skrá yfir hlutdeildarskírteini.*

□ Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.

2. Söludagur skírteinis.

3. Nafnverð skírteinis.

4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

□ Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

□ Ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skal viðkomandi fjármálaþyrirtæki veita rekstrarfélagi upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra hvenær sem rekstrarfélag óskar þess en þó eigi sjaldnar en mánaðarlega.

■ **26. gr.** *Staðgreiðsla.*

□ Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

E. Innlausn.

■ **27. gr.** *Innlausnarskylda.*

□ Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast. Frestun á innlausn skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinis höfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjast hagsmunir eigenda skírteinna eða almennings þess.

□ Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Vari frestun lengur en fjórar vikur samfelld skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti svo fljótt sem auðið er.

□ Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

■ **28. gr. Útreikningur innlausnarvirðis.**

□ Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

□ Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

■ **29. gr. Auglýsing innlausnarvirðis.**

□ Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftast ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

■ **30. gr. Fjármálagerningar og innlán.**

□ Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,

b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða

c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

2. Nýttgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.

3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærri yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé

tryggt með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlánnum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánnum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.

5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

■ **31. gr. Aðrar eignir.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

□ Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

■ **32. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.**

□ Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

■ **33. gr. Eftirlit með áhættu.**

□ Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

■ **34. gr. Afleiðuviðskipti.**

□ Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

□ Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkuðum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

□ Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

□ Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útbodslýsingu.

□ Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

■ **35. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.**

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða

2. meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálfyrirtækis.

□ Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálfyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálfyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,

2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálfyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

□ Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálfyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálfyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

□ Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum,

innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

□ Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

□ Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

□ Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

□ Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

□ Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálfyrirtæki.

■ **36. gr. Vísitölusjóðir.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspeglja tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspeglja viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

□ Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölu er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

■ **37. gr. Peningamarkaðssjóðir.**

□ Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

□ Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

□ Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

■ **38. gr. Traust verðbréf.**

□ Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

□ Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

□ Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útbodslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

■ **39. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.**

□ Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

□ Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

□ Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

■ **40. gr. Takmarkanir á eignasafni.**

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,

2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,

3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,

4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

■ **41. gr. Lán og ábyrgðir.**

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

■ **42. gr. Skortsala.**

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

■ **43. gr. Ráðstafanir til úrbóta.**

□ Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigna hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

■ **44. gr. Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.**

□ Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópusambandsins um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

2. Reglur verðbréfasjóðsins.

3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.

4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirbyggjandi, og síðari hálfársuppgjör.

5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins, m.a. hverjir muni annast sölu hlutdeildarskírteina og hafa

lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd verðbréfasjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.

6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, m.a. upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.

□ Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. enda hafi öll tilskilin gögn borist því og einnig er því heimilt að lengja frest skv. 1. mgr. þurfi að kalla eftir frekari gögnum eða ef ástæða er til að ætla að til höfnunar komi.

□ Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir hans og starfsemi.

□ Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

■ **45. gr. Markaðssetning fjárfestingarsjóða (Non-UCITS).**

□ Aðrir sjóðir sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna hér á landi skulu sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins og samhliða senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem tilgreind eru í 2.–6. tölul. 1. mgr. 44. gr. Auk þess skal senda eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þar sem fram komi að sjóðurinn og rekstrarfélag hans hafi staðfestingu eða starfsleyfi í samræmi við löggjöf heimaríkisins og lúti eftirliti þess, þ.m.t. vegna athafna þess hérlendis.

2. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þess efnis að það sé reiðubúið að veita sambærilegum íslenskum sjóðum heimild til markaðssetningar í viðkomandi ríki. Ríki sem falla undir svæði A í viðauka I í reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármála fyrirtækja, eru undanþegin þessum tölulíð.

□ Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

□ Fjármálaeftirlitið getur veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

■ **46. gr. Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.**

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutadeigandi verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður brotið gróflaga eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur endurnýjað heimild sjóðsins til markaðssetningar geti sjóðurinn sýnt fram á að hann muni uppfylla skilyrði laga þessara.

■ **47. gr. Undanþága.**

□ Undanþegnir ákvæðum 44. og 45. gr. eru erlendir verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem

eingöngu eru boðnir eða markaðssettir, án almennrar auglýsingar eða kynningar, til fagfjórfa samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.

□ Sjóðir sem eingöngu hyggjast markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjórfa hér á landi skulu fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt upplýsingum um heimaríki sjóðsins, rekstraradila og heimilisfang hans, hvort sjóður lúti reglubundnu eftirliti, ásamt öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

■ **48. gr. Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.**

□ Hyggjast verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

■ **49. gr. Ársreikningur og árshlutauppgjör.**

□ Í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð sem kveður nánar á um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og árshlutauppgjörum rekstrarfélaga.

■ **50. gr. Sundurliðun fjárfestinga.**

□ Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

■ **51. gr. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.**

□ Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

□ Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrátti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

□ Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

■ **52. gr. Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.**

□ Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimil- ar samkvæmt reglum sjóðsins.

□ Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum og, sé slíkt heimilt, hvort fjárfestingin takmarkist við að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna eða hvort hún sé liður í fjárfestingarstefnu.

□ Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum afleiðna á áhættu fjárfestinga hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum.

□ Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

□ Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársreikningi verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

□ Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

□ Í útboðslýsingu skal koma fram hvaða verkefnum rekstrarfélagið hefur útvistað skv. 18. gr.

□ Nánar er unnt að kveða á um útboðslýsingar og útdrátt úr útboðslýsingu vegna verðbréfasjóða í reglugerð, m.a. um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingu og útdráttum úr þeim.

■ **53. gr. Aðgengi að upplýsingum.**

□ Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaut áður en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram. Útboðslýsing auk ársreiknings og hálfársuppgjörs skal ávallt vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaut.

□ Ársreikningur og hálfársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrátti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

□ Gildandi reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu vera aðgengileg almenningi.

■ **54. gr. Þóknun.**

□ Rekstrarfélög skulu kunngerá fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

□ Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnad er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða inlaunsn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

■ **55. gr. Kynningarstarfsemi.**

□ Í auglýsingu og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila.

□ Í auglýsingu og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skulu m.a. eftirfarandi atriði koma fram:

1. hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður,
2. heiti rekstrarfélags,
3. upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs,
4. tilvísun í útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

□ Á heimasíðu rekstrarfélags og í öðru kynningarefni einstakra sjóða skulu koma fram sömu upplýsingar og kveðið er á um í 2. mgr. auk þess sem birta skal upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Einnig skal birta þar nafn- og raunávöxtun verðbréfasjóðs síðustu þriggja reikningsára. Upplýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins skal uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti. Jafnframt skulu gögn skv. 53. gr. vera aðgengileg á heimasíðu.

□ Verðbréfasjóði er óheimilt að umreikna ávöxtun eins tímabils á annað lengra tímabil.

■ **56. gr. Tilkynning um áhættu.**

□ Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í verðbréfasjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

III. kafli. Fjárfestingarsjóðir.**■ 57. gr. Tilvísanir í II. kafla.**

□ Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

□ Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

■ 58. gr. Innlausn.

□ Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

□ Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfelld skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteina eða almennings þess.

□ Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtu-kostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

■ 59. gr. Fjárfestingarheimildir.

□ Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

□ Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

□ Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

□ Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:

a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum

af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,

b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis,

c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,

d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærra en 40%,

e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærra fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.

2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.

3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.

4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

6. Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul.

7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

□ Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

□ Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

□ Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

IV. kafli. Fagfjárfestasjóðir.**■ 60. gr. Fagfjárfestasjóðir í rekstri rekstrarfélaga verðbréfasjóða.**

□ Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini. Ákvæði 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini gilda um sjóði samkvæmt þessari grein.

□ Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra fagfjárfestasjóða og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs til

fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta vikur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

■ **61. gr.** *Ádrir fagfjárfestasjóðir.*

□ Öðrum en rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutabréf eða hlutdeildarskírteini. Fagfjárfestasjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagiformi. Ef sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini gilda ákvæði 23.–25. gr. eftir því sem við á.

■ **62. gr.** *Sameiginleg ákvæði.*

□ Óheimilt er að markaðssetja eða koma fagfjárfestasjóði á framfæri við almenning.

□ Fagfjárfestasjóður skal tryggja að viðskiptavinir sínir uppfylli skilyrði fyrir því að farið sé með þá sem fagfjárfesta, sbr. ákvæði laga um verðbréfasjóði.

□ Setja skal fagfjárfestasjóði reglur og fjárfestingarstefnu sem skulu ávallt vera fjárfestum aðgengilegar. Fagfjárfestasjóður skuldbindur sig til að fylgja eftir þeirri fjárfestingarstefnu sem hann setur sér. Í reglum sjóðsins skal tilgreina eðli og ástæður mögulegra hagsmunaaðrekstra.

□ Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans. Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra og framkvæmdastjóra. Allar síðari breytingar á framangreindu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.

□ Fagfjárfestasjóður skal veita upplýsingar um eignasafn sjóðsins í ársreikningi og hálfársuppgjöri sem skal ávallt vera aðgengilegt fjárfestum.

□ Sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

□ Fagfjárfestasjóðir skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í rekstri þeirra á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

□ Ábyrgð rekstrarfélags eða fagfjárfestasjóðs gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum eða hluthöfum helst óbreytt þótt þriðja aðila sé falinn hluti verkefna sem tengjast rekstri sjóðsins.

□ Ákvæði 19. gr. um góða víðskiptahætti og 63. gr. um eftirlit gilda um sjóði samkvæmt þessum kafla.

V. kafli. Eftirlit og reglugerð.

■ **63. gr.** *Eftirlit.*

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, sem og rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja slíkra sjóða, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem löggin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé

hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

■ **64. gr.** *Reglugerð.*

□ Lög þessi heyra undir [ráðherra]¹⁾ og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er m.a. heimilt að kveða á um fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarvirði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og eftirlit með fagfjárfestasjóðum. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

¹⁾ L. 21/2012, 7. gr.

VI. kafli. Viðurlög.

■ **65. gr.** *Stjórnvaldssektir.*

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. másl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,

2. 2. mgr. 3. gr. um skyldu til að tilkynna breytingar á áður skráðum upplýsingum,

3. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra tegund sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

4. 10. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður,

5. 3. mgr. 11. gr. um breytingu á reglum verðbréfasjóðs,

6. 4. mgr. 11. gr. um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa um breytingu á reglum sjóðsins,

7. 1. mgr. 14. gr. um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum,

8. 3. mgr. 14. gr. um tilkynningar um breytingu á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,

9. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,

10. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,

11. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,

12. 2. mgr. 21. gr. um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,

13. 1. mgr. 25. gr. um skyldu rekstrarfélags til að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa,

14. 29. gr. um auglýsingu innlausnarvirðis,

15. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,

16. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,

17. 1. mgr. 45. gr. um markaðssetningu fjárfestingarsjóðs hér á landi,

18. 2. mgr. 47. gr. um tilkynningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,

19. 48. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands,

20. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,

21. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,

22. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu,

23. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr., um breytingu á reglum fjárfestingarsjóðs,

24. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 4. mgr. 11. gr., um tilkynningu til hlutdeildarskrteinishafa um breytingu á reglum sjóðsins,

25. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum,

26. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 14. gr., um tilkynningar um breytingu á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,

27. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óháði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskrteina að leiðarljósi,

28. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,

29. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,

30. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr., um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,

31. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,

32. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,

33. 2. mgr. 57. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður,

34. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,

35. 1. mgr. 62. gr. um að óheimilt sé að markaðssetja fagfjárfestasjóð til almennings,

36. 1. mgr. 60. gr., 61. gr. og 4. mgr. 62. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins,

37. 4. mgr. 62. gr. um skyldu fagfjárfestasjóða til að senda Fjármálaeftirlitinu gögn og tilkynningar,

38. 6. mgr. 62. gr. um að sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum,

39. 7. mgr. 62. gr. um skýrslugjöf rekstraraðila fagfjárfestasjóða til Fjármálaeftirlitsins varðandi sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri og önnur ákvæði sem gilda um fagfjárfestasjóði,

40. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 66. gr.

□ Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflaga eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða fagfjárfestasjóðs brjóti hann gróflaga eða ítrekað gegn fjárfestingarstefnu sjóðsins.

□ Sektor sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar.

Sektor renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

■ **66. gr.** Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsivíðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

■ **67. gr.** Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kærú til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

■ **68. gr.** Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

■ **69. gr. Sektor eða fangelsi.**

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. másl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfis skyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,

2. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,

3. 2. mgr. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óháði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskrteina að leiðarljósi,

4. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,

5. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,

6. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,

7. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,

8. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,

9. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,

10. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,

11. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óháði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskrteina að leiðarljósi,

12. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,

13. 2. másl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,

14. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,

15. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,

16. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða.

■ **70. gr.** Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

■ **71. gr.** Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn samþætilegra mála.

□ Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærvaldi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VII. kafli. Gildistaka o.fl.

■ 72. gr. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008.

■ 73. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011 . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Rekstraraðilar fagfjárfestisjóða sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestisjóðs skv. 60. og 61. gr. fyrir 1. desember 2011.

■ **II.** Skýrsluskil fagfjárfestisjóða skv. 62. gr. skulu hefjast 31. desember 2011.

■ **III.** Starfandi sjóðstjórar skulu hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í síðasta lagi tveimur árum eftir gildistöku laganna.